

59. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 15. desember 2009 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Fundur með bæjarstjóra um húsnæðismál stofnunarinnar; 2. Nýjar hirslur undir skjöl; 3. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn ásamt Gunnari Marel Hinrikssyni skjalaverði og Gunnari S. Óskarssyni arkitekt sem sat fyrri hluta fundar.

- 1. Fundur með bæjarstjóra um húsnæðismál stofnunarinnar:** Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fór ásamt Hrafn Sveinbjarnarsyni héraðsskjalaverði í heimsókn til Gunnsteins Sigurðssonar bæjarstjóra hinn 8. desember sl. til að ræða húsnæðismál stofnunarinnar en ákveðið var á síðasta fundi að biðja um viðtal við hann (sjá fundargerð 58. fundar, 9. lið). Fengum við bæjarstjóra lýsingu á hugmyndum okkar að byggingu yfir safnið og kváðum viðeigandi að nýr bæjarstjóri vissi hug okkar í húsnæðismálum þegar húsnæði safnsins er orðið of lítið og auk þess ekki hentugt fyrir starfsemi safnsins. Bæjarstjóri kvað áætlanir Kópavogsbæjar nú allar upp á aðhald og sparnað en kvaðst skilja vel málaleitan okkar og þakkaði áhuga okkar á að ræða við sig um safnið.
- 2. Nýjar hirslur undir skjöl:** Héraðsskjalavörður sýndi stjórn nýja korta- og teikningaskápa. Gunnar S. Óskarsson arkitekt lýsti skápunum og kvaðst telja þá fullnægjandi fyrir þær kröfur sem við gerum. M.a. tók hann fram að þeir væru lakkaðir með sérstöku duftlakki sem ekki á að hafa áhrif á skjölin. Nýjar hillur fyrir skjalaöskjur eru komnar upp og fer mun minna fyrir öskjunum en áður.
- 3. Önnur mál:**
 - a) Hilmar Björgvinsson, formaður stjórnar, afhenti Héraðsskjalasafni Kópavogs að gjöf innrammað kort af Þingvöllum frá 1910. Kortið var gert af Geodædisk institut. Aðrir stjórnarmenn og héraðsskjalavörður þakka Hilmar þessa gjöf til safnsins.
 - b) Gunnar Marel skjalavörður lagði fram bréf stílað á hann frá Björgu Einarsdóttur sagnfræðingi, Lækjarbrún 18, Hveragerði. Hjalagt var ljósrit af grein í Mbl. um Hringshúsið (Gamla hélið) í Kópavogi. Björg vekur í bréfinu athygli á því að húsið sé líklega elsta steinsteypa hús Kópavogs, teiknað af Guðjóni Samúelssyni. Þar hafi að öllum líkindum fyrsta fyrirtækið í Kópavogi verið starfrækt, húsið sé „einskonar mini-höll“ og þar færi „vel um eitt stykki skjalasafns í svona virðulegri byggingu og ýmislegt sýningarhald gæti tekið sig vel út þar.“ Gunnar hefur þegar þakkað Björgu bréfið og stjórnin metur góðan hug Bjargar í garð Héraðsskjalasafnsins sem greinilega birtist í þessu bréfi.
 - c) Héraðsskjalaverði hefur borist til eyrna að farið hafi verið með gögn frá stofnunum bæjarins í eyðingu. Hann lýsir áhyggjum af þessu þar sem ekki liggi fyrir áætlanir um tilhögun skjalavörslu hjá stofnunum bæjarins, svokallaðar skjalavistunaráætlanir, eins og skylt er. Meðan svo sé er nauðsynlegt að héraðsskjalasafnið hafi tækifæri til að fara yfir öll eyðingarform á skjölum og gögnum sveitarfélagsins áður en þeim er hrint í framkvæmd til þess að uppfylla eftirlitsskyldur sínar og koma í veg fyrir hugsanleg slys. Stjórn styður

héraðsskjalavörð í viðleitni hans til að að gæta að því að skjallæg gögn séu varðveitt skv. ýtrustu kröfum laga og reglugerða.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30.
Fundarritari Bjarni Ólafsson